

Kennari:
Ásdís Guttormsdóttir
Sindri Þór Guðmundsson

Kennslufyrirkomulag:
Kennsla inn í bekk

Tímafjöldi:
6 kennslustundir

Bekkur:
6. bekkur

Enska

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í erlendum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmuna þroska nemenda, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum.

Meginmarkmið náms í erlendum tungumálum í grunnskóla er að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskiptum og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt. Samstarf milli landa eykst stöðugt og er kunnátta í ensku mikilvægur þáttur að fræðslu, námi og atvinnutækifærum.

Enska

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið í 6. bekk <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
Hlustun	Yes we can 6	<ul style="list-style-type: none"> – Geti skilið einfalt mál er varðar hana/hann sjálfan og nánasta umhverfi, áhugamál og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega. – geti skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum. – geti fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni. – geti fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta. – Geti lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs. 	Vinnubók
Lesskilningur	Glósubók	<ul style="list-style-type: none"> – Geti skilið megininntak í stuttum og einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi af myndum. 	Hlustun
Samskipti	Verkefni frá kennara	<ul style="list-style-type: none"> – Geti fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu. 	Söngur
Frásögn	Word Snack	<ul style="list-style-type: none"> – Getur lesið sér til gagns og gamans stutta, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn með stuðningi kennara og skólasystkina. 	Myndefni
Ritun	Leikir á netinu	<ul style="list-style-type: none"> – Getur haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði. 	Krossgátur
Menningalæsi	Kahoot	<ul style="list-style-type: none"> – geti sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu á einfaldan hátt. – geti sagt frá áhugamálum á einfaldan hátt. – geti sagt frá nánasta umhverfi á einfaldan hátt. – geti endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt – Geti í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum. – geti flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa. 	Leikir

		<ul style="list-style-type: none"> – geti spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst. – geti skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu. – geti tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. – geti skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista. – Getur skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist henni/honum persónulega. – Getur tengt saman einfaldar setningar. – Getur stafsett algeng orð – Nýtir algeng greinarmerki eins og punkta og spurningamerki í ritun – geti lýst í einföldu máli því sem næst honum er fjölskyldu og vinum. – geti lýst áhugamálum í einföldu máli. – geti lýst umhverfi í einföldu máli. – geti skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst. – geti samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv. – geti sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til landafræði enskumælandi svæða – Geti sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til þekktar staða á enskumælandi svæðum. – geti sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglíngamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra. – geti sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir. – geti nýtt sér orðabækur eða veforðasöfn sér til hjálpar. 	
<p>Námsmat:</p>	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda er metin jafnóðum á hæfnikorti. Notast er við leiðsagnar- og símat.</p>		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága